

SEL Stærðfræði 8. bekkur 2020 - 2021

Kennarar: Maríanna S Bjarnleifsdóttir

8

Lýsing

Námsþættir:

Talnareikningur Rúmfræði Almenn brot, tugabrot og prósentur Tölfræði Algebra Námsfni: Skali 1A og 1B og annað námsefni.

Markmið:

Að nemendur:

- öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkefni í fjölbreyttum tilgangi
- ná færni í að setja fram og leysa þrautir með hjálp stærðfræðinnar
- öðlist hæfni í að nota stærðfræðileg hugtök og greina tengsl þeirra
- geti tjáð sig með stærðfræði, útskýrt hugsun sína fyrir öðrum, rökrætt um lausnleiðir og sannreynt lausnir sínar og annarra.

Unnið samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla, 2013

Námsefni:

Námsefni:

- Skali 1A
- Skali 1B
- Annað námsefni.

Kennsluaðferðir:

- Nemendur vinna verkefni bæði einstaklingslega og í hópum.
- Horfa á myndbönd.
- Taka þátt í umræðum.
- Afla sér upplýsinga, vinna úr þeim og kynna fyrir samnemendum.
- Heimadæmi
- Próf

Námsmat:

Verkefni, kannanir og vinnubrögð eru metin út frá hæfniviðmiðum námsgreinarinnar. Nemendur fá upplýsingar í upphafi hvers verkefnis hvaða hæfniviðmið verða metin hverju sinni og hvaða kröfur kennari gerir til nemenda. Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og matið birtist reglulega á hæfnikorti nemenda á mentor.

SEL Stærðfræði 8. bekkur 2020-2021 - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Sett upp og túlkað stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit og jöfnur.

SEL Stærðfræði 8. bekkur 2020-2021 - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Tjáð sig um stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt.

SEL Stærðfræði 8. bekkur 2020-2021 - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna.
- Sett dæmi upp snyrtilega og sýnt útreikninga.

SEL Stærðfræði 8. bekkur 2020-2021 - Tölur og reikningur

- Notað hugarreikning, slumpreikning, blaðreikning. Þekkt og nýtt sér röð reikniaðgerða. Reiknað með heilum tölum báðum megin við núll.
- Unnið með deilanleika og þáttun.
- Unnið með tugabrot, almenn brot og prósentur og skilið og þekkt samhengið þar á milli.
- Unnið með ferningstölur og veldi.

SEL Stærðfræði 8. bekkur 2020-2021 - Algebra

- Borið kennsl á mynstur í myndum og tölum og útskýrt hvernig það er byggt upp.
- Táknað einföld verkefni með bókstöfum og tölum og reiknað gildi þeirra. Unnið með stæður og einfaldar jöfnur, uppsettar og óuppsettar.

SEL Stærðfræði 8. bekkur 2020-2021 - Rúmfræði og mælingar

- Þekkt algengustu hugtök rúmfræðinnar og teiknað rúmfræðilegar myndir. Unnið með horn og hornamælingar.
- Þekkt og unnið með hnitakerfi, speglun, hliðrun og snúning og þekkt snúnings- og spegilsamhverfur.

SEL Stærðfræði 8. bekkur 2020-2021 - Tölfræði og líkindi

- Geta greint, sett fram og kynnt, á einfaldan hátt, niðurstöður úr tölfræðikönnunum.

